

Fjármála- og efnahagsráðuneyti  
Starfshópur um hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið  
Arnarhvoli  
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. maí 2018

Tilv.: FJR18030011/2.3


Vísað er til bréfs dags. hinn 20. apríl sl. þar sem óskað var eftir álit, áherslum og sjónarmiðum Samtaka atvinnulífsins vegna starfs nefndarinnar. SA þakka fyrir það tækifæri að fá að veita þessa umsögn.

**SA taka undir öll þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja en vilja einnig koma eftirtöldu á framfæri.**

Ríkissjóður á í dag 100,0% eignarhlut í Íslandsbanka hf., 98,2% eignarhlut í Landsbankanum hf. og 49,5% eignarhlut í Sparisjóði Austurlands hf. Hann á þannig næst 100% hlut í tveimur af þremur stærstu viðskiptabönkum landsins. Hlutdeild ríkissjóðs í eigin fé bankanna er 421 milljarður króna. Umsvif ríkisins á bankamarkaði eru nær hvergi meiri en á Íslandi og mun meiri en hjá þeim ríkjum sem við helst berum okkur saman við.


#### Hlutdeild ríkisins á viðskiptabankamarkaði árið 2010

- % af eignum bankakerfisins í stofnunum þar sem ríkið á 50% eða meira




Heimildir: Ársreikningar stærstu viðskiptabanka og sparisjóða, Global Financial Development Report 2013

Mikil áhætta felst í því að vera með svo mikið fé bundið í viðskiptabankastarfsemi. Þá mun fjártækni væntanlega leiða til mikilla breytinga á fjármálastarfsemi á næstu árum sem eykur enn meira þá áhættu sem felst í að eiga hlut í viðskiptabönkum. Arðsemi þeirra ríkisfjármuna sem bundin er bönkunum hefur undanfarin ár verið litlu meiri en ávöxtunarkrafa 10 ára ríkisskuldabréfa og því í engu samræmi við þá áhættu sem felst í rekstrinum.




Ríkissjóður er skuldsettur og greiðir mjög háa vexti. Söluandvirði eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum ætti að fara í niðurgreiðslu skulda. Vaxtakostnaður Íslands sem hlutfall af landsframleiðslu er einn sá hæsti meðal iðnríkja, eða 4,0%. Aðeins Ítalir (4,0%) og Portúgalar (4,2%) greiða jafn mikið eða meira. Það ríki sem greiðir fjórðu hæstu vextina, hinir skuldugu Grikkir, greiða talsvert minna, eða 3,2%. Ísland greiðir 90% hærra en meðaltal Evrópusambandsríkjanna sem er 2,1%. Þar sem Ísland nýtur ekki jafn góðra vaxtakjara og flest samanburðarlönd þá er nauðsynlegt að ríkissjóður sé talsvert minna skuldsettur en þau.

**Skuldir ríkissjóðs samkvæmt skuldaregluviðmiði**  
% af landsframleiðslu, heildarskuldir að frátöldum lífeyrisskuldbindingum, viðskiptaskuldum, sjóðum og bankainnstæðum




Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar eru ekki taldar með í skuldum ríkissjóðs skv. skuldaregluviðmiði. Þessar skuldbindingar stóðu í 620 ma.kr. árið 2017 eða um 24% af landsframleiðslu. Eiginlegar skuldir ríkissjóðs eru því 54% af VLF. Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs eru ekki veigaminni en aðrar skuldir og verða að greiðast á komandi árum. Þannig er beinlínis óskynsamlegt að vera með mikið fé bundið í viðskiptabankastarfsemi á sama tíma og fyrir liggur mikil þörf fyrir að greiða niður skuldir ríkissjóðs.

**Heildarskuldir og skuldbindingar ríkissjóðs 2017**  
% af landsframleiðslu



**Áætlaður vaxtakostnaður ríkissjóðs árið 2018**  
- ma.kr.



Lítið skuldsettur ríkissjóður var lífsbjörg okkar í efnahagshruninu 2008. Ljóst er að ríkissjóður er langt frá því að vera jafn vel búinn undir aðra niðursveiflu nú, eins og hann var þá. Þó hefur ríkissjóður skyldum að gegna við að halda úti virkum skuldabréfamarkaði, eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur bent á. Skuldir ríkissjóðs megi því ekki vera of lágar. Fjármála- og efnahagsráðuneyti hefur áætlað að lágmarksútgáfa óverðtryggðra og erlendra markaðsskuldabréfa til að viðhalda virkum skuldabréfamarkaði sé 17-23% af vergri landsframleiðslu. Talsvert er þó í að því marki verði náð.

**Í ljósi ofangreinds telja SA brýnt að ríkissjóður losi sem fyrst um alla eignarhluta sína í viðskiptabönkum. Brýnt er að það verði gert í faglegu og opnu ferli sem stýrt verði af fagaðilum fyrir hönd ríkissjóðs.**

Virðingarfyllst,



Davíð Þorláksson,  
forstöðumaður samkeppnishæfnisviðs.